

## Dagskrá Þekkingarseturs Suðurnesja á Sandgerðisdögum 2015

Þekkingarsetur Suðurnesja mun opna nýja sýningu á Sandgerðisdögum, ljósmynda- og sögusýninguna Garðvegur 1 – Arfur breyttrar verkmenningar. Húsnæði Þekkingarsetursins á Garðvegi 1 í Sandgerði hefur mikla sögu að geyma og á sýningunni er saga hússins sögð í máli og myndum. Í dag eru þar ásamt Þekkingasetrinu, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofa Suðvesturlands, en í gegnum árin hefur ýmis starfsemi verið í húsinu. Upphaflega var það byggt sem frystihús og þjónaði þeim tilgangi í áratugi.

Ljósmyndasýningin er hluti af dagskrá Evrópska menningarminjadagsins og sett upp í samstarfi við Minjastofnun Íslands með styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Sýningin er glæsileg viðbót við þær þrjár sýningar sem fyrir eru á Garðveginum og eru allir hvattir til að koma við á Sandgerðisdögum og skoða þær.

### Opnunartími

Mánudag til föstudag frá kl. 10:00-16:00

Laugardag og sunnudag frá kl. 13:00-17:00 – ókeypis aðgangur

Alla helgina verða lifandi sjávardýr til sýnis sem gestir geta skoðað í návígi og jafnvel fengið að halda á ef þeir þora!

Þekkingarsetrið býður einnig upp á skemmtilegan ratleik um nágrenni Sandgerðisbæjar fyrir alla aldurshópa. Ratleikurinn tekur um klukkustund og glaðningur er í boði fyrir þá sem ná að ljúka honum.

### Dagskrá laugardaginn 29. ágúst

Kl. 13:00 – Opnun ljósmynda- og sögusýningarinnar *Garðvegur 1 – Arfur breyttrar verkmenningar*

Kl. 15:00 – Sjávardýrunum gefið að borða